

Ársskýrsla skógarvarðarins á Hállormsstab árið 1953.

Skógurinn.

Skógarhögg: Á árinu var varið allmiklu fé í skógarhögg, þar með talinn kostnaður af framhaldi við brautarhöggið og reitarskiptingu skóglendisins. En allmikil vinna fór og í ruðningshöggið á þeim spildum sem að flatarmáli eru um 3 ha. þar sem á að gróðursetja á næsta ári. Þær spildur eru áframhald af lerkireitunum í suðurskóginum milli Kerlingarár og Króklæks og milli hans og Atlavíkur. En þar sem ekki liggur tilbúin uppdráttur Sigurðar Blöndal af reitarskiptingu í suðurskógóginum en aðeins bróðarbrygðarriss get og ekki tölusett reitina þar sem ruðningshöggið iór fram í haust er leið, en mun gera það er uppdrátturinn liggur fyrir.

Sigurður Blöndal lauk brautarhögginu og reitarskiptingunni í suðurskóginum og byrjaði að leggja brautir í Partinum. Hann mældi svo semég drað á inn á uppdrátt innskógárens eða svæðisins frá Kerlingará að Jökullæk en það eru hin 2 skógarsvæði í Vörðuhrauni og skóglendið milli Kerlingarár og Atlavíkurlæks um 115 ha. eða ríflega 1/6 hluti skógarins. Það er þá allmikið verk unnið til þess að ljúka reitarskiptingu í skóginum og gera uððdrátt af henni. Reitarskiptingu og uppdrátt mætti gera án þess að höggva allar brautir jafnóðum. Mætti draga úr kostnabi að oss sýndist með því að afmarka línurnar með staurum með vissu millibili, enda er stæsta skógarlendið Hólmarnir ca 136 ha illt viðureignar til að leggja þar brautir svo vel sé vegna landslagsins. Í hinum skógarteigunum er betra að leggja brautirnar.

Þar sem sala á skógvið hefur verið í minnsta lagi í ár liggur allmikið af upphöggnum við í skóginum. Yfirlit um það er á skýrslunni um skógarhögg og viðarsölu.

Samkvæmt skýrslunni um skógarhögg og viðarsölu hefur skógarhöggið numið um 60 tímum, þar er greint hvar í skóginum hefur verið unnið og hve mikið í hverjum skógarteig.

Í skóginum liggja nú um áramótin um 380 hestburðir, samkvæmt upptalningu, sem þó eru að visu nokkuð lausleg.

Frævöxtur í skóginum var enginn, en það litla sem kann að hafa verið hefur fallið mjög snemma, því um 20 september sást ekkert fræ. Reynifræ var dálítið á reynitrjánnum í skóginum, en þó hverfandi lítið hjá því sem óx á trjám í gördunum hér í nágrenninu. Bláberjavöxtur var óvenju mikill í skóginum. Má þakka það hitunum í júní. Krækiher voru og nokkur. Annars var berjavöxtur yfirleitt mjög lítill á Austurlandi. Safnað var reynifræ og allmiklu sáð í haust.

Maðkur, var mjög lítill í skóginum. Má atla að frævöxtur verði á næsta ári, því maðkurinn sem hér hefur leðað við um mörg undanfarin ár og dregið úr vexti birkisins svo mjög að árssprotar hafa verið stuttir og frævöxtur lítill.

Ársvöxtur var einnig lítill í sumar, lengstu árssprotar 35-40 cm.

Laufgun skógarins taldist að hafa orðið 7 júní, en lauffall má telja að hafi orðið 6-14 október. Vaxtartímabil birkisins á sumrinu 127 dagar.

Viðarmagn hefur ekki farið fram á mælingarflatinum í Lýsishól síðan 1950 í maímánuði. Þá stóðu á flatinum sem er 1/10 úr ha. 219 tré eftir að grisjun fór fram þá um hanskíð. Mæling á þessum 219 trjám sýndi.

Meðalþvermál 5.6 cm.

Meðalhæð 6.5 cm.

Það má gera ráð fyrir að ekki verði mælt upp á þessum fleti þar til vorið 1955. Vonandi kemur þá í ljós viðarauki.

Þótt þessi mælingarflötur sé valinn án þessað hann gefi rétta mynd af vexti birkisins yfirleitt í skóginum, geta þessar mælingar leitt í ljós hvers má vænta af björkinni á góðum vaxtarstöðum eins og á Hallormsstað, þar sem hún er ein um hituna eða hreinræktuð ef svo mætti segja.

Það verða 20 ár 1955 frá því fyrsta mælingin var gerð á flatinum, eða 1935 og aldur trjánna var þá talinn 30 ár, en verða 50 ár 1955. Væri þá sjálfsagt að birta obinherlega skýrslu um mælingar sem þar hafa farið fram, þótt meðalhæðin eins og hún hefur verið talin til þessa sé tæplega nógu nákvæm, verð ég að telja meðalþvermál samilega nákvæmt og viðarmagn felldra trjáa.

Vöxtur barrtrjáa í skóginum:

I. Mörkin.

Blágreni: Aldur 17 ár. Ársvöxtur mældur í einni röð í cm.
11-12-14-8-2-19-2-2-10-2-3-3-12-2-10-10-2-18-2-14-18-5-15-2-10-18-5-
18-18-8-8-18-18-2-20-15-5-2-5-5-10-2-. Hæsta tré 2.20 metrar.

Fjallapínur. (*Abies lasiocarpa*) Aldur 17 ár. mælt í einni
röð í cm: 12-5-2-12-10-5-.

Sitkagreni: Aldur 16 ár. Mælt í einni röð í cm:
2-2-10-25-12-12-28-15-5-12-12-16-8-5-5-14-5-12-5-12-10-20-14-14-
5-23-12-12-5-14-13-10-10-. Hæsta tré 2.25 metrar.

Lerki (*Larix sibirica*) Aldur 17 ár. Ársvöxtur 40-50 cm
á mörgum trjám.

2. Framan við Króklæk.

Blágreni og engelmansgreni. Aldur 17 ár. Mælt í einni röð
ársvöxtur í cm. 16-14-6-16-20-10-14-21-5-20-12-13-5-16-3-20-22-15-2-
13-12-12-5-21-12-21-10-5-8-18-. Hæsta tré 5.60 metrar næst
hæsta 2.55 metrar.

3. Atáuvák.

Skógarfura. Aldur 12 ár. Ársvöxtur mældur í cm.
18-25-18-18-18-15-19-15-22-18-20-10-22-13-20-20-13-21-17-
23-18-10-15-8-10-12-. Hæsta tré 2.25 metrar.

Contortafura. (*Primus contorta* var *latafolia*)
Aldur 13 ár. Ársvöxtur mældur í einni röð í cm. 20-27-14-22-
16-29-21-30-29-25-20-18-20-30-22-11-28-21-22-5-2-18-14-28-
12-12-5-12-5-. Hæsta tré 2.30 metrar.

Douglasgreni. Aldur 13 ár. Ársvöxtur mældur í einni
röð í cm: 20-20-5-15-20-7-5-2-15-10-12-20-5-5-10-5-23-.
Hæsta tré 1.90 metrar.

Hvítgreni. Aldur 13 ár. Ársvöxtur mældur í einni röð
í cm. 28-5-16-20-18-4-2-25-16-16-24-17-15-9-12-5-2-5-16-15-
5-7-15-. Hæsta tré 2.20 metrar.

Lerki. Aldur 15 ár. Mældur var ársvöxtur á nokkrum einstaklingsgrenum, er reyndist að vera 40-60 cm. Allra lengstu árssprotar munu vera 65-70 cm.

4. í Lýsishól.

Sitkagreni. Aldur 6 ár, ársvöxtur mældur í einni röð í cm. 23-20-16-18-20-17-14-25-21-18-13-10-18-8-. Hæsta tré 1 m.

5. Við Jökullæk.

Lerki frá Arkangelsk. Samkvæmt athugunum má telja árssprotta 50-60-cm, en margir eru 20-40 cm. Allra lengstu sprotar 70 cm.

Yfirlæitu er ársvöxtur minni en vænta mætti í hlutfælli við meðalhita sumarsins. Hlúð kalda sumar í fyrra hefur verkað á vöxtinn í ár, en eins mun hlýrra sumar á þessu ári hafa áhrif á vöxt barrtrjáanna næsta sumar.

Ársvöxtur í elstu barrtrjánum hefur ekki verið mældur. Má telja að hann hafi verið í meðallagi.

Skógargirðingin og aðrar girðingar.

Enda þótt veturinn 1952-53 væri snjóléttur þurfti skógar-girðingin allmikilla lagfæringar við, meðal annars vegna þess að tréstaurear voru gengnir mjög úr sér allvíða. Einnig kom það til vörnetið í Þjarginu er orðið mjög lélegt og þyrfti víða að bæta það. Snjó lagði ekki á girðinguna að noinum mun fyrr er í apríl, en þá slitnaði þessi netgirðing víða. Vírstrengir gengu og úr lagi í lögðum hingað og þangað.

Girt var með stórgripaheldri vírgirðingu efst í Hólunum í ca. 200 metra hæð yfir sjó, um birkiplöntur, sem þar voru gróðursettar fyrir 15 árum og höfðu náð dálitlum vexti í sumar. Af 50 sem gróðursettar voru þóttu um 35 með lífi og þar hæstu 2,15 m. Grisjadhur var skógurinn á ca. 160 ha². og plantað um 200 Irkvtsk-lerki í þessi svæði, til þess að afla reynslu um hve vöxtur hins sibiriska lerkis svo hátt frá sjó hét á Hallormsstað. Gæti sú reynsla verið vísbending um hve hátt hæðarmörk lerkisins liggja hér á Hallormsstað, og einnig um það hvar sú lína er hér í skógarhlíðunum sem takmarka góðan vöxt á lerkinu en lélegri vöxtur. Svar við

þeirri spurningu snertir hagnýtt sjónarmið, en er auk þess mikilsverð fyrir fræðileg sjónarmið.

Hita og úrkomumælingar ásamt veðurfari í stórum dráttum

Tíðarfar frá áramótum fram byrjun apríl var með mildasta móti, einkum síðari hlutahéðruar og í marz. Vottaði fyrir gróðri í marz. Í byrjun apríl kólnaði í veðri og gerði talsverðan snjó. Var aprílmánuður í kaldara lagi, en frost var lítið í jörð. Þegar hlýnaði viku af maí var hægt að fara að taka upp plöntur í gróðrastöðinn. Hér var þó í heild mjög svalt og klaki fór ekki úr jörðu fyrr en seinast í maí. Það var því ekki hægt að byrja á gróðursetningu fyrr en í byrjun júní. Úrfelli var mjög lítið í maí svo sem veðurskýrsla sýnir, sama er að segja um júní. Jörð var þá orðin mjög þurr þegar á leið júní og olli það meðal annars vanhöldum á lerkiplöntunum við gróðursetninguna. Þar kom einnig til að sumt af lerkiplöntunum var toppkalið eftir veturinn. við það bættist og að ekki var hægt að koma plöntunum nógu snemma niður í jörðina. Einnig mun of löng goimsla eftir upptöku úr beðunum hafa valdið nokkrum vanhöldum.

Júní var með hlýjasta móti. Hefur ekki verið mældur svo hár meðalhití í þeim mánuði síðan veðurathuganir byrjuðu hér. Júlí og ágúst voru ekki meira en í meðal lagi, en í september var meðalhitinn talsvert meiri en í meðallagi. Það sama er að segja um október. Hiti í nóvember var líka fyrir ofan meðallag. Desember hefur aldrei verið eins mildur síðan veðurælingar hófust hér, en það var árið 1947.

Úrkoma var lítil fyrri hluta ársins. Í janúar var hún aðeins 17.5 m.m. í maí aðeins 4.6m.m. Í júlí, ágúst og september rigndi talsvert. Úrkoma í október og nóvember var talsverð, og einnig rigndi talsvert í desember.

Hiti og úrkoma í hverjum mánuði er sem hér segir.

	Meðalhiti.	Úrkoma.
Janúar	+ 0.4 C	17.5 m.m.
Febrúar	0.3 -	98.3 - -
Marz	2.8 -	33.7 - -
Apríl	+ 1.7.-	26.4 - -
Mai	5.6,-	4.6 - -
Júní	1.20 -	10.7 - -
Júlí	10.6 -	37.0 - -
Ágúst	10.9 -	42.1 - -
September	9.1 -	39.4 - -
Október	5.1 -	124.3 - -
Nóvember	1.4 -	208.8 - -
Desember	3.3 -	122.1 - -
Alls.	63,2 -	768.9 m.m.
	+ 2.1 -	
	61.1 -	

Meðalhiti sumars. Júní- september 10.7° C.
 ársins. 5.1° -.

Fyrsta frost að vetrinum var 2/6 4.9° C.

Sýðasta frost að haustinu var 10/10 1.0° C.

Mesta frost (minnstur hiti) var 19/2 - 18.37° C.

Mestur hiti var 28/6 -22.9° -.

Dagar með 20° og þar yfir voru aðeins fjórin.

Í júní 3 dagar

Í sept. 1 dagur.

Alls. 4 dagar.

Þótt hitinn kæmist eigi í 20° og þar yfir nema í fjóra daga, voru margir dagar með 19° í júní enda var meðalhiti þess mánaðar sem að framan segir 12° .

Úrkoma var litil nema í 4 mánuði ársins, febrúar, október, nóvember og desember. Ársúrkoma er líklega heldur ofan við meðallag. Í 8 mánuði ársins var úrkoma talsvert jöfn í sumarmánuðunum júní og september er úrkoma samtals ca. 130 mm.

Græbireiturinn.

Sáb var fræi af þessum tegundum og fræmagní.

Lauftré.

Birki	6.5 kg.	uppruni	Bæjarstobarskógur.
do	9.5 -	(Batvarruona)	- Trámarfoss Finnlandið
Reynár	50.0 -	..	Hallorsst, Hrafnkellstadir, og Þrándarstaðir.

Bartré:

Sitkagreni	5 kg.	uppruni	Mac. Lood P.S. Alaska.
do	6.7-	-	sami.
do	5.9 -	-	Saword, Kenai Alaska.
do	1.0 -	-	Hamer.
Hvítgreni	1.5	-	Granite creek.
Hvítgr og sitkagr.	2.0	-	Lawin Kenai.
Rauðgreni	3.5kg	-	Drasje Vofoin Norge.
Skógarfura	4.0 -	-	Dalin Troms N Norge.
Blágreni	3.0 -	-	Sapinosa Colorado U.S.A.
Fjallapínur	1.0 -	-	Skagevay Alaska.

Flatarmál fræbeða:

Birkis	314 m ² .	
Reynis	120 --	Flutt: 1055
Sitkagrenis	235 -	Blágrenis 126 m ² .
Hvítgrenis	27 -	Fjallapíns 14 -
Hvítgr, sitkagr.	44 m ²	
Rauðgrenis	145 m ²	
Skógarfuru	170 -	
Flyt:	1055.	Alls: 1195 m ² .

Spírun fræsins:

Eins og fræseblar vera með sér hefur spírun trjáfræsins orðið á þessa leið:

Í sitkagreniebedunum	góð eða	1-2
- hvítgreni	- mjög góð eða	1
- hvítgr, sitkagr	- - -	1
Rauðgrenis	- - -	1
- skógarfuru	- - -	2-3

í fjallapinsbeðum enginn eða 5
- birki góð eða 1-2

c Dreyfsetning.

Lauftré:

Birki 2/o	18380 stk	
Reynir	6085 -	
Asken	870 -	
Ribs	1211 -	26546 stk

Barrtré:

Lerki (L. siberia)	frá 58900 stk.	
Sitkagreni	36925 -	
Blágreni	27740 -	
Hvítgreni	118208 -	
Rauðgrèni	18600 -	
Skógarfura	11920 -	= 172293 stk
<hr/>		
	Alls:	198.839 stk.

Græðlingar settir:

Af ribs	3000 stk	
af gulvíði	3000 -	
af þíngvíði	3000 -	
af fagurvíði	1000 -	
af Ösp	100 -	= 10.100 stk

Dreyfsett alls: 208.939 stk.

Af ofangreindri plöntutölu voru dreyfsettar í:áv

Ákvæðisvinnu:	150.158	plöntur	barrtré
daglaunavinnu:	22.140	plöntur	barrtré.
- - -	26.541	-	-lauftré.

Alls: 198.839 plöntur.

Sala og afhending plantna úr græðiritnum 1953.

I. Sent Skógrækt ríkisins Reykjavík.

Lauftré	Gætðplöntur	
Birki	8000 stk.	
do	14000 -	= 22.000 stk.
Reynir		1550 -
Þíngvíðir		5100 -

Barrtré:

Lerki

100 stk = 900

Garðplöntur = 29.550 stk.

Lauftré: Skógarplöntur.

Birki I fl.	20.000	50.000	-
do II -	30.000	50.000	-

Barrtré:

Lerki (Irkulsk)	11.000		
do (Hakaskoja)	2000	= 13100	stk.
Sitkagreni (Pakenham)	3000		
do (Prins W.S.)	4000		
do	1600	= 8600	
Rauðgreni		19.500	
Skógarfura		30.000	71.200

Skógarplöntur alls. 131.200 stk.2. Selt og afhent Skógræktarfélagi Austurlands.

	Skógarplöntur	Garðplöntur.
<u>Lauftré:</u>		
Birki	4400 stk.	294 eða = 4694 stk.
Reynir		438 = 438 -
Þingvíðir		151 = 151 -
Flyt.	4400	883 5283 -

2. Selt og afhent Skógræktarfélagi Austurlands.

Lauftré	Skógarplöntur.	Garðplöntur	Samtals.
flyt	4400	883	5283 stk
Alaskaösp		233	233 -
Gulvíðir		144	144 -
Ribs		24	24 -
Alls.	4400	1284	5684 -

Barrtré:

Lerki	3260	193	= 3399
Sitkagreni	1145	182	= 1327
Rauðgreni	335	72	= 412
Skógarfura	5595	79	= 5674
Alls.	14.735	1761	16.496 stk

<u>3. Plöntur afhentar ókeypis:</u>		Skógarplöntur.
a. Að Eibum:	Lerki	200 stk.
- - -	Sitkagreni	200 -
- - -	Skógarfura	3000 -
b. Vigfús Þormar.	Lerki	125 -
- - -	Sitkagreni	125 -
Alls.		3650 plöntur.

<u>4. Plantap í skóginum.</u>				
Tegund	uppruni	Aldur	tala	Gróðursetningarsstaður.
Lerki	Irkutsk	2/2	7200 v	framan við Atlavík
do	do	2/2	3200	- - Kerlingará
do	do	2/2	200	efst í Hólminum
do	do	j 2/2	196	ofarlega í Kolakinn
do	Hakasköja	2/1	3500	framan við Kerlingará
do	do	2/2	196	ofarlega í Kolakinn
do	do	2/1	4125	framan við Króklæk.
do	do	2/2	330	- - - - -
do	Irkutsk	2/2	330	- - - - -
do	Arkangelsk	2/2	330	- - - - -
Rauðgreni	Norge	2/3	2000 v	framan við Atlavík.
do Skógarfura	do	2/3	196	ofarlega í Kolakinn.
Skógarfura	do	3/0	900	utan við Jökullæk.
Sitkagreni	Alaskaz		100	í Lýsish. verður í Háaklett
Alls.			22.815	plöntur.

Samandregin plöntutala úr græðireitnum.

1. Sent Skógrækt ríkisins Reykjavík	150.750 stk.
2. Afhent Skógræktarfélagi Austurlands.	16.496 -
3. ókeypis	3 650 -
4. Plantap í skóginum.	22.810 -
Alls.	
	193.706 plöntur.

Sundurlibun á ofangreindri plöntusölu.

Eftir tegundum og í skógarplöntur og garðplöntur.

a. Lauftré	Skógarplöntur	Garðplöntur.	
Birki	54400	22.294	= 76.694 stk.
Reynir		1 988	= 1 988 stk.
Þíngvíðir.		5251	= 5251 - -
Gulvíðir		144	= 144 -
Alaskaösp		233	= 233 -
Ribs		24	= 24 -
Alls.	54400	29.934	= 84.334 -
B. Barrtré:			
Lerki	35.900	1039	37.339 -
Sitkagreni	10.170	162	10.352 -
Raubgreni	22.021	77	22.108 -
Skógarfura	39.495	79	39.574 -
	107.978	Alls.	193.689 -

Söluhafar plöntur úr græðiritnum vorid 1954. og til gróðursetn.

Lauftré:

Birki 2/2 (Bæjarstaðarskógi) yfir 50 cm		4200 stk.
do - - - - 40-50 -		8800 -
do - - - - undir 40 cm		19000 -
do 3/0 (Hallormsstap)		40.000 -
do 3/0 (Bæjarstaðarskógur)		24.000 = 96.000 stk
Reynir yfir 80 cm	150 stk.	
do 70-80 -	750 -	
do 40-60 -	3700 -	
do 40 -	1400 -	= 5000
Gulvíðir 20 ára.		1000 stk.
Þíngvíðir ---		600 -
Ribs - -		300 -
Barrtré:		
Lerki (Hakaskoja) 2/2	37.400 stk.	
Raubgreni 2/3	22.500 -	
Skógarfura 3/0	50.000 -	109.900
	Alls.	212.800 stk.

Fræðeð undir gleri í ritunum.

Undir gleri eru nú fræðeð að flatarmáli.

a.	Frá fyrri árum undir gleri	75 m ² .
b.	Viddót í ár.	180 -k
	Alls.	225 m ² .

Áburður mold og sandur bærð á.

a.	Tilbúinn áburður	525 kg	Köfnunarefnisáburður.
	-	500 -	Fosfóráburður.
	-	250 -	Kalíáburður.
	Alls.	1275 kg.	
b.	Búpeningsáburður	4 tonn	Sandur.
	-	17½ -	Kúamýkja.
	Alls.	11½ tonn.	
c.	Rofamold	15 tonn	
d.	Sandur	40 -	

Vöxtur og þrif í græðireitnum:

Skýrsla um söluhafar plöntur sem nú eru í græðireitnum. Þer með sár.

Birkiplöntur. 2/2 eru 13 þúsund yfir 40 cm.
 - - - - - 19 - undir 40 cm.

H 3/0 eru einnig vöxtulegar.

Er þetta betri flokkun en undanfarin ár. Reyniviðarplöntur flokkubest líka betur.

Lerki 2/2 stærri en í meðallagi.

Raubgreni 2/3 náði einnig góðum vexti í sumar.

Skógarfura 3/0 hefur einnig náð góðum vexti.

Í fræðeði frá f.á. 1952 er góður vöxtur.

- - - í ár 1953 líta plönturnar vel út.

Byggingar:

Byggingar starfsfólksbustaðarins í Mörkinni var haldið áfram. Aðal hæðin er nú að mestu fullgerð, nema útbúnaður á skápum í eldhúsi. Svefnherbergin eru fullgerð. Vatnsleiðslu vantar en hún er dálítið löng, en gott og öruggt uppvottarvatn fæst með leiðslu sem 270 metrar.

Á lofthæðinni er gert ráð fyrir tveimur svefnherbergjum. Til þess að útbúa þau þarf að byggja timburgólf á loftinu. Efni til þessar ófengið. Vantaleg herbergi á loftinu munu rúma 10 manns. Yrði þá svefnpláss fyrir um 20 manns auk verkstjóra, en honum eru ætluð 2 herbergi. Stigi upp á loftið er fullgerður.

Ferðalög: Ferðir voru þessar. Fór í ágúst til Hornafjarðar. Í þeirri ferð heimsótti ég eftirtalda staði. Fáskrúðsfjörð, Stöðvarfjörð, Berufjörð og Breiðdalshrepp. Djúpavog, Álftafjörð, Lón eða Bæjarhrepp og loks Nesjahreð og Höfn í Hornafirði. Í þessari ferð hafði ég tal af formönnum hreppaskógræktarfélagum og skoðaði gróðursetningar á sameiginlegum girðingum hjá hverju félagi. Einnig athugaði ég tré við hús og bæi. Gaf leiðbeiningar um framhaldsstörf og plöntumál o.s.frv. Mun ég semja sérstaka skýrslu um ferðina. Mætti á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands að Laugarvatni í byrjun júlí. Að Eihum tór ég í fylgd með skógræktarstjóra í ágúst. Í þeirri ferð voru einnig þeir Baldur Þorsteinsson og Sigurður E. Blöndal.

Áspisfundir.

Blæosp (populus tremula) fannst á þessum skógarjörðum, innan um birki á Egilsstöðum og í Óróvík í Breiðdal. Er hún þá fundinn á þrem stöðum hér austurlands, þriðji staðurinn er Gestsstadir í Fáskrúðsfirði. Hver verður fjórði staðurinn? Þegar nýjir áspisfundir koma í ljós á fárra ára millibili, þá verður manni hugsað til þess að óspinn hljóti að liggja víðar í hinum mörgu skógum og kjörum á austurlandi, þar sem hún er ófundin. Þetta mun verða til þess að skygnst verður betur um

en hingað til. Þar sem björkin ræður ríkjum, í þeirri von og með þeirri eftirvæntingu að systir hennar öspin eigi þar heima-land. Fram á síðustu ár hefur hún dulist, en þó líklega verið til frá ómunatíð.

Haliormsstað 9/1 1954

Guttormur Pálsson.

Skýrsla um viðræður við rússneska skógræktarmenn í nóvember

1 9 5 3.

Er mér gafst kostur á að fara til Ráðstjórnarríkjanna í októberlok 1953 sem þátttakandi í íslenskri æskulýðssendinefnd, sem þangað fór á vegum félagsins MÍR í boði Andfascistanefndar ráðstjórnaraskunnar, var það ákveðið í samráði við skógræktarstjóra, að ég skyldi reyna að ná tali af rússneskum skógræktarmönnum. Mikilvægustu atriðin, sem rædd skyldu, voru þessi:

1. Möguleikar á að fá á nýkan leik trjáfrá frá Ráðstjórnarríkjunum.
2. Upplýsingar um trjátegundir og útbreiðslu þeirra í Rússlandi og Síberíu.
3. Frá hvaða stöðum myndi heppilegast fyrir okkur að fá trjáfrá.
4. Reyna að fá veðurskýrslur frá vissum stöðum í Ráðstjórnarríkjunum og upplýsingar um vöxt lerkis á þeim stöðum, sem við höfum fengið frá til þessa.

Þaðan ég dvaldist eystra gafst mér þrisvar sinnum fari á að tala við skógræktarmenn. Fyrst, er við heimsóttum Timyri-
asjev-akademiuna (sem er landbúnaðarháskólann í Moskva). Þar komum við m.a. í skógræktardeildina og var sýnd hún undir leiðsögn forstöðumannsins, prófessors Nesterovs, og prófessors Timofjevs. Ekki gafst þarna tími til að ræða neitt að ráði þau atriði, er að ofan greinir, þar eð mestur tíminn fór í að skoða deildina. Hins vegar skýrði ég stúdentunum stuttlega frá tilraunum okkar Íslendinga í skógrækt og ástandi í skógræktarmálum okkar almennt.

Í Sverdlovsk í Uralfjöllum hitti ég prófessor Konowalov við skógræktarháskólann þar. Gaf hann mér ýmsar verðmatar upplýsingar um útbreiðslu trjátegunda í Rússlandi og Síberíu og nefndi nokkra staði, sem vert væri fyrir okkur að reyna að fá frá frá.

Í Moskva heimsótti ég svo skógræktarstofnun Vísindaakademiunnar, en það er aðaltilraunastofnun Rússa í skógrækt. Þar átti ég allangan fund með prófessorunum V. Sukachev, forstöðumanni stofnunarinnar, Kabanov, varaforstjóra og S. Zonn ásamt N. Dylis, aðallerkisérfræðingi stofnunarinnar og P. Vipper. Var mér tekið af hinni mestu alúð og vinsemi og hið greiðlegasta leyst úr spurningum mínum. - Prófessor Pravdin, sem einnig vinnur við þessa stofnun og átt hefir nokkur bréfaskipti við skógræktarstjóra á undanförunum árum, var í fríi svo að hann sá ég ekki.

Skal nú stuttlega gerð grein fyrir hinu helzta, sem fram kom af upplýsingum í samtölum þessum.

Frækaup.

Fyrsta og mikilvægasta spurning mín til prófessors Sukachevs og félaga hans var, hverjar möguleika þeir teldu á, að Rússar gætu selt okkur frá á komandi árum. Þeir svöruðu því til, að ekki stæði í þeirra valdi að svara þessu ákveðið, þar eð þeirra verkefni væri einvörðungu hin vísindalega hlíð skógráttarinnar. Hins vegar var þeim fullljóst, hve mikið áhugamál okkur er þetta, eftir að ég hafði skýrt þeim frá þeim árangri, sem náðst hefir hjá okkur af gróðursetningu síberíska lerkisins. Kvæðst próf. Sukachev skyldi leggja inn góð orð fyrir okkur í skógráttarráðuneytinu, sem hefir meðgerð með viðskiptalega hlíð málsins.

Gangur málanna við fráttvegum er sá, að við leggjum inn þöntun á fræi hjá deild úr verzlunarráðuneytinu, sem nefnist "Exportchleb" ("Brauðkornsdúflutningur"). Síðan senda þeir hana áfram til skógráttarráðuneytisins, sem svo ákveður, að hve miklu leyti er hægt að afgreiða þöntunina. Ef einhver vafi leikur á t.d. tegundum eða stöðum, sem óskað er eftir að fá fræið frá, snýr skógráttarráðuneytið sér til Vísindaakademíunnar.

Hins vegar taldi próf. Sukachev og félagar hans miklar líkur til, að við myndum geta fengi frá frá ýmsum stöðum í Rússlandi og Síberíu, þar sem mikið er unnið í skógunum.

Val tegunda og staðbrigða.

Það var samdóma álit prófessoranna, að Kamtsjatka-skaginn og svæðið kringum Okhotska-hafið með norðurhluta Sakhalín myndu vera þeir staðir, sem best hentudu okkur að fá frá frá, þar eð loftslagsskilyrðum þar myndi svipa mest til þess, sem gerist á Íslandi af stöðum í Ráðstjórnarríkjunum, sem eru skógi vaxnir. Þar vaxa 3 trjátegundir, sem vert væri fyrir okkur að reyna:

1. Larix dahurica. Þetta er harðgerðasta trjátegund jarðarinnar. Hún vex frá Jenessej og austur um alla Síberíu til Kyrrahafs og myndar hvarvetna norðurmörk skóganna við frebmyrarnar. Við Khatanga-fljótið nálægt 105° a.l. vex hún allt norður á $72^{\circ}40'$, eða lengra norður en nokkur trjátegund í heimi. Tegundin nær 55 m hæð, en við norðurmörkin og þar sem hún vex hæst til fjalla, er hún nánast runni. Á Kamtsjatka er útbreiðslusvæðið ca. 1,5 milljónir hektara.

2. Picea jezoensis vex austur við Kyrrahafið. Upplýsingar vantar mig að öðru leyti um þessa tegund. En hún vex einnig á Sakhalín.

3. Betula Ermanii. Engar frekari upplýsingar hefi ég um hana.

Svo koma nokkrar aðrar tegundir, sem vaxa um austurhluta Síberíu:

Pinus pumilio. Þetta mun ekki vera stórvaxin tegund, en talin þessá harðgerð og þess verð, að hún verði reynd hér.

Chozenia macrolepis syn. Salix macrolepis.

Salix Sakhalinensis myndar tré á Sakhalin.

Salix cardiofilia vex fr'a Baikal og austureftir Síberíu. Okkur er ráðlagt að reyna hana frá Baikal.

Crataegus chlorosarca er runnategund, sem getur náð allt að 4 m hæð og vex á Kamtsjatka og Sakhalin. Okkur er ráðlagt að reyna hana.

Sorbus sambusifolia vex á Kamtsjatka. Gaman fyrir okkur að reyna hann.

Populus suaveolens er aspartegund, sem vex um alla austur- Síberíu frá Baikal til Chukotka-skagans, sem er austasti hluti Asíu við Beringssund. Þetta virðist vera afarharðgerð tegund, því að austast í Síberíu myndar hún norðurmörk skóganna ásamt Larix dahurica. Á Chukotka-skaganum vex hún norður við heimskautsbaug. Gallinn er bara sá að þaðan að norðan er afar erfitt að ná í græðlinga af tegundinni. Hins vegar er auðvelt að ná af henni græðlingum frá Baikalsvæðinu.

landi:

Nokkrar tegundir í Vestur-Síberíu og Norður- Rúss-

Larix Sukachev nefnist lerkib í Norður-Rússlandi. Vesturmörkin eru nálægt Onega-vatninu. Það vex austur- undir Petsjora-fljótið, en þar tekur við

Larix sibirica, sem telst vaxa austur að Jenessej-fljóti. Í Úralfjöllum vex þessi tegund norður á 68°, en nær í Síberíu norður til 71° og allt suður til Vestur-Kazakstan. Í Norður-Úral vex hún aðeins upp í 300 m hæð yfir sjávarmál, en í Suður-Úral upp í 1200 m hæð.

austanvið Jenessej tekur svo Larix dahurica við

Larix Chekanowski nefnist lerkib það, sem vex við Irkutsk. Þetta er bastarður milli L. dahurica og L. sibirica. Okkar Irkutsklerki mun því tilheyra þessari tegund, sem að sjálfsögðu er ekki hrein. Hér má skjóta inn, að Baikal-vatnið, sem Irkutsk stendur við liggur 520 m yfir sjávarmál.

Picea obovata vex frá Arkangelsk til Lena-fljótsins í Síberíu. Við Khatanga-fljótið kemst það norður að 72° 20'.

Picea medioxima eða fennica vex á Kolaskaganum, en nær ekki miklum vexti. Okkur er því ekki ráðið til að reyna þá tegund, sem vitaskuld er aðeins var. af P. abies.

Pinus silvestris var. lapponica vex einnig á Kolaskaganum og nær þar allveg til skógarmarka. Er hún talin mun betri þar en grenið, svo að okkur er rá lagt að rey hana. - Auk þessara ber svo að nefna

Pinus cembra, sem er aðaltrjátegundin í Sayan- og Altai-fjöllunum, og

Abies sibirica, en um útbreiðslu þeirra vantar mig nánari upplýsingar.

Fræsöfnunarsvði.

Skv. upplýsingum próf. Sukachevs er erfitt að ná fræi frá nyrztu hlutum síberísku barrskóganna. Bæði eru fræir þar stopul (einkum að því er varðar skógarfuru og rauðgreni) og svo er lítið unnið þar í skógunum.

Á Arkangelsksvæðinu eru fræir ekki reglulegtog lerkifra þaðan hefir lélega spírun, 10-15%.

Frá stað einsog Hakaskoja í Sayanfjöllum, þar sem lerkiskógurinn er mjög góður, er fræfall mjög reglulegt og mikið. Þaðan ætti því að vera auðvelt að fá fræ reglulega. Lerkifra þar hefir að jafnaði um 70% spírun. Þess má geta hér, að próf. Konwalov í Sverdlovsk tjáði mér, að sembrafura væri aðaltegundin í Sayan- og Altaifjöllunum. Því má ætla, að einnig séu g'öðir möguleikar á að fá sembrafurufra frá Hakaskoja.

Í Austur-Síberíu er mest unnið á svæðinu norðaustur af Baikal. Fyrir því töldu heimildarmenn mínir í Moskvu góða möguleika á að fá fræ þaðan, bæði af L. dahurica og öðrum tegundum, er þar vaxa. Þannig nefndi próf. Sukachev, að okkur myndi henta bezt að fá fræ af Abies sibirica úr fjöllunum við Baikal, þar væri loftraki allmikill vegna nálægðar hins mikla vatns. Þá má nefna Jakutsk, sem stendur við Lena-fljótið, þar sem þar rennur lengst til austurs. Próf. Konwalov sagði mér, að þar hefði Vísindaakademían útibú og þaðan skyldum við reyna að fá fræ af Larix dahurica, enda væri þar árlegt fræfall á lerkinu. Eftir öðrum heimildum veit ég, að í nánd við Jakutsk muni mikið unnið í skógunum, því að þar eru hvað mestar sögunarmyllur í Austur-Síberíu.

Á Kamtsjatka eru allgöð fræsambönd, en hins vegar ekki regluleg fræir. En möguleikarnir á fræöflun þaðan ættu að vera allgóðir. Sama er að segja um Sakhalin.

Hin svegar mun vart um að ræða að fá fræ frá Kúrileyjum, því að fræöflun er þar engin.

Að því er varðar Úralsvæðið, tjáði próf. Konwalov mér, að bezt myndi fyrir okkur að reyna að fá fræ þaðan frá bænum Iwdel, sem liggur í Úralfjöllum vestanverðum rétt norðan við 60. breiddarstig. Þaðan væri rétt að reyna L. sibirica, P.

obovata, P. silvestris og A. sibirica. Frá Tjumen, er liggur nokkuð austanvið Sverdlovsk á svipaðri breidd, væri vert að reyna Pinus cembra.

Frá Kolaskaganum ráðlagði próf. Konowalov okkur að reyna að fá frá Hybinogorsk.

Sitt af hverju.

Það upplýstist fljótt, er ég fór að tala við skógráktarmenn eystra, að Hakaskoja liggur ekki í Úralfjöllum, einsog við höfðum haldið, heldur í Sayanfjöllum, sem eru í Síberíu vestan við Baikal-vatnið á sem næst 55. breiddarstigi. Eftir upplýsingum próf. Konowalovs vex lerkid þar í yfir 2000 m hæð yfir sjávarmál. - Hakaskoja er svonefnt "autonamt område", sem þýðir, að þar býr sérstakur þjóðflokkur, sem þó er ekki nógu stór til þess að mynda sjálfstætt lýðveldi.

Lerkisérfræðingur Vísindaakademiunnar, N. Dylis, sem fyrr var nefndur, kvað lerkid helzt kjósa kalkríkan þaröveg. Hann áleitt að hinn basaltíski fokjaövegur hér á Íslandi myndi vera hinn ákjósanlegasti fyrir lerkid. Aðspurður sagðist hann álíta, að ekki gilti hið sama um lerkid einsog greni og furu, skv. skandínávískum rannsóknum, að hiti sumarsins áður réði mestu um hæðarvöxtinn. Taldi hann hita yfirstandandi árs r'aba mestu.

Hann áleitt óráðlegt að gróðursetja meginlandslerki, t.d. frá Síberíu, við sjávarsíðuna hér hjá okkur vegna sjúkdómsáttu. Hins vegar myndi öllu óhætt í því efni með lerkid frá Kamtsjatka og Sakhalin.

Þaði Dylis og Sukachev töldu það mjög góðan vöxt, er ég sagði þeim, að lerkid í Guttormslundi hefði í ár 50-75 cm ársprotu upp til hópa. Ennfremur leizt þeim vel á myndir þær er ég sýndi þeim af eldra lerkinu á "allormsstað". Og til þess að leggja sem mesta áherzlu á, hve mikid áhugamál okkur væri að fá sem mest af lerkifrái frá Ráðstjórnarríkjunum, benti 'eg þeim á, að einmitt þessir tveir lerkidgangar ættu ekki hvað minnstan þátt í því, að ~~ÞESSER~~ almenningur á Íslandi væri nú farinn að trúá 'a framtíð skógráktarinnar á Íslandi, og þótti þeim gaman að heyra það!

Veðurathuganir frá ýmsum stöðum í Ráðstjórnarríkjunum, er 'eg það um, gátu þeir í Vísindaakademiunni ekki látið mér í té að svo stöddu, en kváðust skyldu reyna að útvega þær frá veðurstöfunni og senda okkur síðar í bréfi.

Þeirri spurningu, hve langt permafrost næði suður í barrakóga Síberíu, svöruðu þeir, að allur austursíberíski barrskógurinn yxi á permafrosti, sem næði alveg suður að landamærum Mongólíu.

Fráþóntun.

Að fengnum þessum upplýsingum, sneri ég mér ~~ZZZ~~ næst síðasta daginn, sem ég dvaldi í Moskvu, til Péturs Thorsteinssonar, sendiherra, og gaf honum lista yfir ákveðið magn af fráfrá ýmsum þeim stöðum og af ýmsum þeim tegundum, sem að framan er greint. Kváðst Pétur þegar myndi rita "Exportchleb" bréf með

pöntum þessari, og síðan senda Skógrækt ríkisins afrit af bréfinu. Mun hann yfirleitt gera það, sem í hans valdi stendur til þess, að reyna að útvega okkur það frá, sem við þörfnumst.

Ég benti honum á, að okkur væri þýðingarmikið, að upplýsingar fengjust um eftirfarandi atriði með hverri frásendingu, og mun hann vantanlega taka þau fram með pöntun sinni:

1. Sem nákvæmast sé gefinn upp staðurinn, sem fræið er frá. Ef um er að ræða staði, sem ekki eru merktir á kortum, væri gott að fá uppgefið nokkurn veginn lengdar- og breiddargráðu.
2. Hjög þýðingarmikið er að fá uppgefna hæð yfir sjávarmál á staðnum, sem fræið er tekið frá.
3. Ágætt væri að fá nokkra vitneskju um hæð skógarins (trjáhæðir) á söfnunarstaðnum.

Þetta eru í meginatriðum þær upplýsingar, sem ég get gefið á grundvelli þeirra viðbræna, sem ég átti við hina rússnesku skógræktarmenn. Að sjálfsögðu eru þær upplýsingar, sem maður fær í tiltölulega stuttu samtali, þar sem margt ber á góma, um útbreiðslu og eiginleika trjátegunda í viðlendasta ríki heims, ekki tæmandi. Þess vegna þá ég heimildarmenn mína um að benda mér á rússneskar bækur um dendrólógíu, þar sem hægt væri að lesa um þetta í ró og næði. Mér var sérstaklega bent á eina bók, sem nýlega er komin út, og nefnist "Tré og runnar". Því miður reyndist hún ~~þá~~ uppseld í bókaðöðum þeim í Moskvu, sem ég kom í. En ég hefi von um, að fá hana senda síðar, ef nokkur kostur er að fá hana ennþá. Mun þá vantanlega hægt að gera sér enn nánari grein fyrir hinum mörgu trjátegundum, sem þarna er um að ræða og ættu að geta orðið okkur að gagni hér á Íslandi.

Hallormsstað 10. des. 1953,